

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ekkjuframfærslu- skyldu embættismanns.* — Með þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá forstjóra hins konunglega íslenska yfir- dóms Jóni Pjeturssyni, þar sem hann fer þess á leit, að hann samkvæmt 2. gr. 3. opins brjefs 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag verði undanþeginn því, að greiða eptirleiðis gjald fyrir lífsfje það, er getur um í brjefi ráðgjafans frá 14. ágúst f. á. En samkvæmt því hefir konu hans Sigprúði Friðriksdóttur verið keypt 680 kr. árlegt lífsfje eptir hans dag frá lífsábyrgðar- og framfærslustofnuninni 1871, og ætlar hann með þinglesnu skjali því, er útlagt fylgdi bónarbrjefi hans, að gefa henni tryggingu fyrir jafnháum árstekjum um lífstíð hennar af eign hans Brautarholti, Andriðsey og Holti á Kjalarnesi.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- ingar fyrir Jóni dómstjóra Pjeturssyni, að samkvæmt reglum þeim, er hingað til hefir verið fylgt, og sem ráðgjafinn finnur ekki ástæðu til að breyta út af, er það skilyrði fyrir undanþágu frá skyldu embættismanna til þess að tryggja konum sínum fjárstyrk eptir sinn dag, að þær tekjur, sem koma í staðinn fyrir lífsfje ekkjunnar, sem verða kann, sjeu útbúnar þeirri tryggingu, sem sje jafngild því veði, sem krafizt er fyrir ómagafje, t. d. innritun- arskirteini fyrir svo mikilli upphæð í konunglegum 4% ríkisskuldabryfum, að vextirnir þar af sjeu jafnmiklir og skylduupphæð lífeyrisins, jafnmikil upphæð í skuldabryfum með veði í fasteign, er orðuð eru og gefin út, eins og þau væru fyrir ómagafje, skuldabryf lánfjelaga og þess konar.

Af þessu leiðir, að ráðgjafinn hefir ekki sjeð sjer fært að fallast á bænarskrá þá, sem hjer er um að ræða.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til kirkjubyg- ingar.* — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 3. p. m. hafið þjer sent hingað bænarskrá frá byggingarnefnd Lundarbrennkukirkju, þar sem hún fer þess á leit, að það 2000 kr. lán, sem Lundarbrennkusöfnuði var veitt með brjefi ráðgjafans frá 6. júlí f. á.¹ til að endurbyggja kirkjuna þar, megi afnemast og ávaxtast með 6% ár hvert af hinum upphaflega höfuðstóli, í stað þess að endurborga hann á 20 árum með 200 kr. á ári, og með því móti yrði allur höfuðstóllinn, þar sem ársvextir eru ákveðnir 4%, end- urborgaður á 28 árum. Hafið þjer meðal annars tekið það fram, að söfnuðurinn hafi nú fastráðið að byggja kirkjuna úr steini í staðinn fyrir að byggja hana úr timbri, eins og áður var áformað.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birt- ingar, að jeg eptir því, sem hjer er frá skýrt, veiti samþykki mitt til þess, að hið veitta lán verði endurborgað á hinn umbeðna hátt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að leggja niður Klofakirkju.* — Samkvæmt allraþegnsamlegustu tillögum ráðgjafans fyrir Ísland,

1) Sjá stjórnartíðindi 1877 B. 117.

Hinn 29. október 1879.

125 hefir hans hátign, konunginum, allramildilegast þóknast 29. f. m. að leyfa, að Klofakirkja í Rangárvallasýslu og suðurumdæmi Íslands, verði lögð niður, og að Klofasókn verði sameinuð við Skarðssókn með þeim kostum:

1. Að Klofakirkja með áhöldum verði seld á almennu uppboðsþingi, þannig, að afgangurinn, sem umfram kann að verða að lokinni kirkjuskuldinni, falli í sjóð Skarðskirkju.
2. Að Skarðskirkja verði, þegar hún verður endurbyggð, sem nú er í vændum, stækkuð svo, að hún geti rúmað hinn aukna söfnuð.
3. Að Skarðskirkja fái eptirleiðis allar þær tekjur, sem Klofakirkja hingað til hefir notið, sem og
4. Að prestsmatan af Klofaeigninni, eins og verið hefir, greiðist núverandi sóknarpresti á Stóruvöllum með 6 fjórðungum smjörs, og, að fyrir þessu sju veðsettar jarðirnar $\frac{1}{2}$ Kot og Haukadalur, en að það við næstu prestaskipti á brauðinu komi til ihugunar, hvort ástæða kynni að vera til að lækka prestsmötuna ofan í 4 fjórðunga smjörs.

Jafnframt því þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, hið framan-skráða, í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar frá 9. júní síðastliðna, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðindum, læt jeg ekki hjá líða að vekja athygli yðar á því, að ábirgðarbrjef þau, sem gefin hafa verið út 20. desember f. á. og 22. febr. þ. á. fyrir skuldbindingum þeim, sem getur um að framan undir 1., 3. og 4. gefa ekki nægilega tryggingu, þar sem sameigendur Klofakirkju hafa ekki ritað undir þau í einu, og það sjest ekki, að þeir hafi veitt þeim, sem ritað hafa nöfn sín undir brjefin, nægilegt umboð. Loksins er það vitaskuld, að skilyrði það, sem er í niðurlagi 1. töluliðs hins fyrnefnda skjals frá 20. desembr. f. á. verður að falla niður.

Ráðgjafinn vill því þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, viljið þóknanlega hlutast til um, að gjörð verði gangskör að því, sem þörf er á í þessu tilliti, áður en farið er að framkvæma þær ráðstafanir, sem leyfðar eru í hinum allra-hæzta úrskurði.

126 — *Brjef landshöfðingja til landfógeta um laun sýslumanna og bæjarfógeta.* — Í brjefi dagsettu 7. júní f. á. tilkynnti jeg yður, herra landfógeti, að ráðgjafinn hefði til bráðabirgða samþykkt upphæð þá, sem greiða skyldi í laun og persónulega launabót hlutaðeigandi embættismönnum, samkvæmt lögum frá 14. desembr. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta, og mæltist til þess, að þjer önnuðust um, að greiddar yrðu úr jarðabókarsjóði upphæðir þær, sem í því tilliti væru nauðsynlegar.

Eptir að þessi reikningur hefir síðan verið endurskoðaður, eru nefnd laun og persónulegu launabætur loksins fast ákveðnar sem nú skal greina:

	Kr.	A
1. Skaptafellssýsla	2765	21
2. Vestmannaeyjasýsla	1914	42
3. Rangárvallasýsla	3000 kr.	» a.
Launabót Hermaníusar sýslumanns Johnssonar	300 — 78	3300 78
4. Árnessýsla	3500 —	» -
Launabót Þorsteins sýslumanns Jónssonar	910 —	» - 4410 »